

Föstudaginn 21. júní 1991.

Nr. 300/1988. **Samband íslenskra samvinnufélaga,
skipadeild**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.),

og Skipaútgerð ríkisins

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Nyffrost Hirtshals A/S og

Dansk Søassurance A/S

(Skúli Fjeldsted hdl.).

Farmflutningar. Skaðabætur. Lagaskilareglur. 45. gr. hæstaréttarlaga.

Dómur Hæstarétta.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur dómari.

Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 16. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. sama mánaðar. Fyrirtækið krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst það lækkunar á kröfum stefndu og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Skipaútgerð ríkisins áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 30. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sama mánaðar. Hún krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hefur verið rekið í nafni Sambands íslenskra samvinnufélaga, skipadeildar (SÍS), þó að fram sé komið, að Samskip hf. hafi tekið við rekstri deildarinnar 1. janúar sl., sbr. hæstaréttardóm í máli nr. 24/1991 hinn 8. febrúar sl.

Hér fyrir dómi kvað lögmaður SÍS ágreining vera um ástand rækju þeirrar, sem mál þetta er af risið, hinn 2. mars 1985, þegar henni var skipað um borð í m/s Öskju á Ísafirði. Fram er komið, að rækjan var þá í gámi, sem var einn af tíu gámum, sem hlaðnir

höfðu verið rækju á sama tíma. Var varan þá óflokkuð, og réð tilviljun, hvar rækjupakkarnir voru settir. Skemmdir komu aðeins fram í einum gámi, sem einkenndur var SCXU-801196-3. Verður að byggja á því, að engar skemmdir hafi verið í rækjunni við útskipun á Ísafirði.

SÍS hafði tekið að sér að annast flutning á rækjunni frá Ísafirði um Reykjavík til Hirtshals í Danmörku. Var hún sett í gáma, sem SÍS útvegaði, og þeir fluttir með áætlunarferð Skipaútgerðar ríkisins til Reykjavíkur. Eins og sagt er í héraðsdómi, hófst sá flutningur 2. mars 1985 og stóð tæpa tvo sólarhringa. Að sönnu var ekki mælt hitastig í gámunum á leiðinni og siritandi mælir ekki settur í þá fyrr en eftir, að til Reykjavíkur var komið. Upplýsingar um hitastigið í gáminum, sem hér er um fjallað, bera ekki með sér, að óregla hafi verið á frystingunni í honum, fyrr en 11. mars. Er nægilega fram komið, að rækjan hafi ekki skemmt, meðan hún var í vörslum Skipaútgerðar ríkisins. Ber að sýkna það fyrirtæki af kröfum stefndu.

Ágreiningslaust er, að um ábyrgð SÍS fari eftir siglingalögum Dana nr. 56/1892 með síðari breytingum vegna ákvæðis um það í farmskírteini. Ber því að líta til 118. gr., 1. mgr., laga þessara, sem ekki liggur fyrir í íslenskri þýðingu. Ákvæðið er þannig:

„Bortfragteren er ansvarlig for tab som følge af, at godset bliver beskadiget eller går tabt eller bliver forsinket, medens det er i hans varetægt om bord eller i land, medmindre han godtgør, at fejl eller forsømmelse af ham selv eller nogen, han svarer for, ikke har forårsaget eller medvirket til tabet.“

SÍS hefur ekki sannað, að fyrirtækið eða menn á þess vegum hafi ekki átt hlut að því, að tjónið varð. Verður af þeim sökum að leggja bótaábyrgð á því á fyrirtækið.

Í héraði krafðist SÍS sýknu, en setti ekki fram varakröfu með sama hætti og hér fyrir dómi. Hefur því verið mótmælt af stefndu, að varakrafan komist að. Úrslit um það atriði ráðast af 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Í áfrýjunarstefnu er ekki ótvírátt gerður fyrirvari varðandi nýjar kröfur, og ekki hefur verið sýnt fram á, að fullnægt sé því skilyrði áðurnefndrar lagagreinar, að afsakanlegt sé, að krafan kom ekki fram í héraði. Verður hún því ekki tekin til efnismeðferðar. Þess er og að geta, að í flutningi máls-

ins hér fyrir dómi var varakrafan rökstudd með tilvísun í 120. gr., 2. og 3. mgr., dönsku siglingalaganna. Þar segir meðal annars, að bætur skuli ekki vera hærri en 666,67 SDR fyrir hvert stykki. Telja verður hvern 12 kg kassa eitt stykki, sbr. Hrd. 1986, 916, og þykir sú eining koma nægilega fram í farmskírteini. Varakrafan yrði því eigi tekin til greina, þó að hún kæmi til efnismeðferðar.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóm, að því er varðar Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, um annað en málskostnað.

Um málskostnað fer eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi Skipaútgerð ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefndu, Nyfrost Hirtshals A/S og Dansk Søassurance A/S, í máli þessu. Stefndu greiði Skipaútgerð ríkisins 250.000 íslenskar krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, greiði stefndu 750.000 danskar krónur með 13% ársvöxtum af 707.241,14 dönskum krónum frá 2. maí 1986 til greiðsludags svo og 800.000 íslenskar krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. mars 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 4. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 3. júní 1986.

Stefnendur eru Ágúst Fjeldsted hrl. f.h. Nyfrost Hirtshals A/S, Østhavn-en, 9850 Hirtshals, og Dansk Søassurance A/S, Niels Juelsgade 11, Kaupmannahöfn, Danmörku.

Stefndu eru Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, nnr. 7472-7581, Sambandshúsinu v/Sölvhólsstötu, Reykjavík, og Skipaútgerð ríkisins, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, nnr. 8164-7321.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu greiði in solidum danskar krónur 750.000 með 13% ársvöxtum af dönskum krónum 707.241,14 frá 2. maí 1986 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ samkvæmt framlögðum reikningi, að fjárhæð kr. 444.701.

Dómkröfur stefndu eru um sýknu af dómkröfum stefnenda og málskostnað úr hendi stefnenda.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að stefnandi hafi tekið að sér gagnvart Ole Basse Mortensen Trading Aps. með heildarsamningi að sjá um flutning á rækjum, veiddum á Grænlandsmiðum, frá Ísafirði til Hirtshals í Danmörku. Í mars 1985 hafi skipadeild Sambandsins tekið að sér að flytja farm af frosnum rækjum, þ.e. 8411 kassa, frá Ísafirði til Hirtshals fyrir Nyfrost A/S vegna Ole Basse Mortensen Trading Aps. Skipadeild Sambandsins muni hafa lagt til gáma til flutningsins, en farmur þessi var fluttur í 10 gámum. Hafi skipadeild Sambandsins notað skip stefnda Skipaútgerðar ríkisins, m/s Öskju, til að flytja farminn frá Ísafirði til Reykjavíkur, en skip, sem skipadeild gerir sjálf út, m/s Jan, frá Reykjavík til Árósa. Farmurinn hafi síðan verið fluttur á bílum frá Árósum til Hirtshals. Rækju þeirri, sem hér um ræði, hafi verið pakkað í 12 kg kassa, sem geymdir voru í frystihúsi á Ísafirði í 23-24 gráðu frosti. Rækjunni hafi verið skipað um borð í m/s Öskju seinni part dags 2. mars 1985. Hafi henni verið staflað í gámana sama dag og frystikerfi gámanna sett í gang og keyrt á bryggjunni, meðan beðið var eftir skipinu. Gámar þessir hafi síðan verið fluttir með m/s Öskju til Reykjavíkur og síðan áfram til Danmerkur með m/s Jan skv. farmskírteini, útg. af skipadeild Sambandsins, er gilti fyrir flutninginn alla leið frá Ísafirði til Hirtshals. M/s Askja muni hafa losað í Reykjavík 4. mars 1985 og gámarnir verið geymdir á athafnasvæði skipadeildar í Reykjavík til 13. mars, er þeim var lestað í m/s Jan, sem kom til Árósa 19. mars, en síðan var gámunum ekið til Hirtshals 19.-20. mars 1985. Við komuna til Hirtshals hafi komið í ljós, að rækjan í einum gáminum, nr. SCXU-801196-3, var stórskemmd, og var tjónið þegar í stað skoðað af skoðunarfirmanu Besigtelses Kontoret. Kom í ljós, að tjónið hafði orðið við það, að frost hafði farið af gáminum í flutningnum nægjanlega langan tíma til þess, að rækjan þiðnaði upp. Var rækjan dæmd ónýtt og fargað. Eigandi rækjunnar, Ole Basse Mortensen Trading A/S, krafði Nyfrost A/S, sem tekið hafði að sér að sjá um fyrir hann flutninga á Grænlandsrækju frá Íslandi til Danmerkur, um bætur fyrir tjónið, en það nam d.kr. 707.241,14. Jafnframt krafði hann Dansk Söassurance A/S um greiðslu á tjóninu vegna flutningsvátryggingar, sem hann hafði þar. Varð að samkomulagi, að Dansk Söassurance A/S og Nyfrost A/S gerðu upp tjónið að jöfnu. Greiddu þessir aðilar hvor um sig 2. maí 1986 d.kr. 375.000 eða samtals d.kr. 750.000 sem samkomulagsfjárhæð til uppgjörs á kröfunni ásamt vöxtum og kostnaði gegn framsali á öllum hugsanlegum endurkröfu-rétti á bótaskylda aðila.

Af hálfu stefnanda er málsóknin á því byggð, að stefndu hafi tekið við farminum í óskemmdu ástandi. Hafi verið gefið út um hann hreint farmskírteini. Sannað sé, að farmurinn var skemmdur og ónýtur, þegar honum

var skilað, og skv. skoðunarskýrslu Besigtelses Kontoret og einnig skýrslu Lene Stenersen, sem einnig skoðaði tjónið, urðu skemmdirnar af því, að rækjan þiðnaði, meðan á flutningi stóð. Samkvæmt Haag-reglunum, sem gilda um flutninginn skv. 2. gr. farmskírteinisins, sbr. og 99. gr. sigll. 66/1963 beri farmflytjanda að sanna, að tjónið hafi orðið fyrir atvik, sem hann beri ekki ábyrgð á. Slík sönnun hafi ekki komið fram, og beri stefndu því sem farmflytjendur báðir ábyrgð á tjóninu, en óljóst sé, hjá hvorum þeirra það kunni að hafa orðið. Rétt sé að benda á, að ekki liggi fyrir hitastigsskífa af gáminum fyrir það tímabil, sem hann var í vörslum Skipa-úngerðar ríkisins, 2.-4. mars 1985. Skipadeild Sambandsins hafi ekki sett, að því er talið er, hitaskífu á gáminn fyrr en 5. mars, og skv. þeirri skífu féll hitastig úr $\div 18^{\circ}$ til $\div 6^{\circ}$ C á tímabilinu frá 11. mars kl. 4.00 til 12. mars kl. 24.00. Bendi þetta til, að ekki hafi allt verið með felldu við meðferð á margnefndum gámi, og fullljóst, að eitthvað hafi farið úrskeiðis í flutningnum, þar eð innihaldið í öllum hinum níu gámunum hafi verið algerlega óskemmt, en í öllum gámunum voru kassar með sama framleiðslunúmeri (dagsetning og veiðistaður).

II.

Stefndi Samband ísl. samvinnufélaga styður kröfu sína um sýknu eftirfarandi röksemdum:

Farmskírteinið um flutning á farmi þeim, sem mál þetta snýst um, var gefið út 13.3.1985, þ.e.a.s daginn, sem gáminum var skipað út í m/s Jan í Reykjavík.

Grein 4 í farmskírteininu leysir stefnda undan allri ábyrgð á skemmdum á farmi, sem verður, áður en útskipun á sér stað í skipið, en það var 13. mars 1985, og eftir að uppskipun lýkur, en það var 19. eða 20. mars.

Í 6. gr. farmskírteinisins er afdráttarlaust tekið fram, að þegar um er að ræða flutning með fleiri en einu skipi, sé ábyrgð stefnda takmörkuð við þann hluta flutningsleiðarinnar, sem hann annist með skipum, sem hann annist stjórn á (under his management), og skipti þar engu máli, hvort hann hafi tekið farmgjald fyrir allan flutninginn eða hluta hans.

Ekkert liggi fyrir í framlögðum skjölum þessa máls, er sýni, að varan, sem málið fjallar um, hafi skemmt á því tímabili, sem ábyrgð stefnda nær til skv. framansögðu.

Í stefnu sé því fram haldið og málsókn á því byggð, að stefndu hafi tekið við farminum í óskemmdu ástandi. Þessi málsástæða getur ekki átt við umbjóðanda minn, því að engar sönnur hafa verið á það færðar, að varan hafi verið óskemmd, þegar henni var skipað út í Jan, en þá hófst farmskírteinisábyrgð stefnda.

Stefnandi byggir á því, að skv. Haag-reglum og 99. gr. siglingalaganna

66/1963 beri farmflytjanda að sanna, að tjónið hafi orðið fyrir atvik, sem hann beri ekki ábyrgð á. Þessi sönnunarregla eigi ekki við, nema farmflytjandi hafi fyrst sannað, að tjónið hafi orðið á ábyrgðartíma farmflytjanda, en það hafi hann ekki gert, að því er stefnda varði.

Í skoðunargerðum, sem fram hafi verið lagðar, komi fram, að gámurinn vann óaðfinnanlega að lokinni tæmingu hans. Ábyrgð verði því ekki lögð á stefnda af þeim sökum.

Hitasjálfritar, sem fram hafi verið lagðir, sýni, að frysting í gáminum hafi verið óaðfinnanleg á ábyrgðartíma stefnda.

III.

Sýknukrafa stefnda Skipaútgerðar ríkisins byggist á eftirtöldum atriðum og lagarökum:

Stefndi hafi alls ekki samið við stefnendur um flutning á frystigámum þeim, sem fluttir voru með skipi stefnda, m/s Öskju, frá Ísafirði til Reykjavíkur í marsbyrjun 1985, en þ. á m. var gámur nr. SCXU-801196-3, sem innihélt hina skemmdu rækju. Stefndi Skipaútgerð ríkisins flutti þessa gáma fyrir stefnda Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild. Stefnda Skipaútgerð ríkisins sé því ranglega stefnt í máli þessu, og sé því krafist sýknu af dómkröfum stefnanda með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Sé ekki fallist á rök stefnda fyrir sýknu samkvæmt lið nr. 1 hér að framan, skuli á það bent, að umræddir gámar hafi komið um borð í skip stefnda seinni part dags 2. mars 1985 á Ísafirði og verið losaðir úr skipinu í Reykjavík 4. mars 1985. Hafi gámur nr. SCXU-801196-3 verið bilaður eða bilað, hafi það ekki verið á ábyrgð stefnda, en stefndi skipadeild Sambandsins hafi lagt til umrædda gáma, og voru þeir gangsettir og stilltir á hans ábyrgð. Gögn stefnanda beri það með sér, að rækjan, sem sett var í gámana á Ísafirði, hafi komið beint úr hraðfrystiklefa á Ísafirði, þar sem rækjan var geymd í 24-26° frosti, en það taki 2-4 daga fyrir rækjuna að þiðna, þ.e., þegar frost sé minna en 5° í gáminum. Umræddir gámar hafi verið innan við tvo daga í umsjá stefnda Skipaútgerðar ríkisins, sem ekki sé nægjanlegur tími til þess, að rækjan nái að þiðna og skemmast. Frá því að rækjan var sett í frystigáma á Ísafirði og þar til hún var tekin úr gámunum í Hirtshals í Danmörku, hafi liðið u.þ.b. 18-19 dagar. Í stefnu segi, að hitaskífur hafi eigi verið settar í gámana fyrr en 5. mars 1985, en í því sambandi sé rétt að benda á, að hitastig hækki ekkert verulega í gámi nr. SCXU-801196-3 fyrr en á tímabilinu 11. mars kl. 4.00 - 12. mars kl. 24.00, þ.e. úr mínus 18° upp í mínus 6°, samkv. dómskjali nr. 9. Á þessum tíma hafi gámarnir alls ekki verið í umsjá stefnda Skipaútgerðar ríkisins og engar líkur til þess, að rækjan hafi skemmst á þeim tíma.

Stefnendur máls þessa hafa með sérstöku framsali öðlast rétt eiganda rækjufarms þess, sem hér um ræðir, gagnvart þeim, sem kunna að bera ábyrgð á því, að rækjufarmurinn skemmdist, og er aðild stefnenda að málinu ekki vefengd.

Málsaðilar eru sammála um, að farmskírteini það, sem lagt hefur verið fram í málinu, hafi verið gefið út þess efnis, sem þar má lesa. Á framhlið þessa gagnfæra farmskírteinis, sem er auðkennt stefnda Sambandi íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, er þess m.a. getið, að rækjufarmurinn, þar á meðal gámur sá, sem mál þetta fjallar um, hafi verið fluttur með m/s Öskju frá Ísafirði til Reykjavíkur og með m/s Jan frá Reykjavík til Árósa.

Eigendurn m/s Jans er ekki stefnt í máli þessu, og er ágreiningslaust, að stefndi Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, beri fébótaábyrgð gagnvart farmseiganda eða réttartökum hans, sé fébótaábyrgð af hálfu farmflytjenda á annað borð til að dreifa, en stefndi skipadeild Sambandsins hafði m/s Jan til ráðstöfunar samkvæmt tímabundnum farm-samningi.

Með útgáfu hins gagnfæra farmskírteinis stofnaðist samningssamband milli stefnda Skipaútgerðar ríkisins sem eiganda m/s Öskju og handhafa farmskírteinisins. Stefnendur máls þessa leiða rétt sinn til fébóta af farmskírteini þessu, og verður krafa stefnda Skipaútgerðar ríkisins um sýknu vegna aðildarskorts því ekki tekin til greina.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að rækjufarmurinn hafi verið óskemmdur við móttöku, en skemmdur og ónýtur í gámi nr. SCXU-801196-3, er honum var skilað. Af hálfu stefndu hefur ekki verið upplýst, hvar og/eða hvenær á flutningsleiðinni farmurinn skemmdist, og kemur þá þrennt til álita:

1) Flutningsleiðin Ísafjörður-Reykjavík 2. til 4. mars 1985, og var farmurinn þá í ábyrgð stefnda Skipaútgerðar ríkisins, 2) geymslustaður gámsins á athafnasvæði stefnda Sambands ísl. samvinnufélaga 4. til 13. mars og 3) flutningsleiðin Reykjavík-Árósar 13. til 19. mars, en í 2) og 3) var farmurinn í ábyrgð stefnda Sambands íslenskra samvinnufélaga, skipadeild.

Stefndu hafa hvorugur sýnt fram á, að tjónið á farminum hafi ekki orðið, þegar farmurinn var í þeirra umsjá og ábyrgð, og bera þeir því sólídaríska ábyrgð á tjóni því, sem varð vegna þiðnunar í gáminum. Ber því að taka kröfur stefnenda til greina, enda hafa þær ekki sætt tölulegum andmælum.

Verður stefndu og gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst ísl. kr. 400.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ingvar Sveinbjörnsson deildarstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, og Skipa-
úngerð ríkisins, greiði in solidum stefnanda, Ágústi Fjeldsted hrl. f.h.
Nyfrost Hirtshals A/S og Dansk Söassurance A/S, danskar krónur
750.000 með 13% ársvöxtum af dönskum krónum 707.241,14 frá 2.
maí 1986 til greiðsludags og íslenskar krónur 400.000 í málskostnað
að viðlagðri aðför að lögum.
